

50. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 11. október og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Ingibjörg Sveinsdóttir formaður umhverfisnefndar og Ísleifur Jónasson formaður fjallskiladeildar Holtamannaafréttar sátu einnig fundinn undir dagskrárlið 3. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Stækkun friðlands í Þjórsárverum, umsögn
4. Fjárhagsáætlun undirbúningur
5. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við liðnum 6. Alþingiskosningar 28. október nk., framlagning kjörskrár og ákvörðun um kjörstað og liðnum 7. Sumarliðabær 2 Inr. 165307 og Sumarliðabær 2 lóð Inr. 217623: Aukið byggingarmagn og breytt nýting lóða, deiliskipulag
Samþykkt.

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerðir

a) 140. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 14. september sl.

Lagt fram til kynningar.

b) 17. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 25. september sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 49. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps bs., haldinn 25. september sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. 1709021 - Rekstraryfirlit Vatnsveitan 21092017

Niðurstaða stjórnar:

KV og BJM fóru yfir rekstur vatnsveitunnar það sem af er ári. Rekstur er í jafnvægi en fjárfesting er um 4 m fram úr áætlun þar sem ákveðið var að ráðast í nýlagnir samhliða ljósleiðarlagningu. Ganga þarf frá skuld vatnsveitunnar við eigendur en skv. fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir eiginfjárframlagi að upphæð 34,6 m.

Tillaga er um að vatnsveitan óski eftir 10 m kr yfirdrætti til að mæta sveiflum í útgjöldum og undirbúa lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga til nýframkvæmda en heimild er fyrir 40 m. kr lántöku skv. fjárhagsáætlun. ÁS falið að undirbúa þetta.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd samþykkir að veita heimild til yfirdráttar til 1. febrúar 2018.

Sveitarstjóra falið að undirrita yfirdráttinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

d) 191. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 27. september sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar.

Liður 3. *Heimild til lántöku vegna kaupa á tækjum. Ágúst Ingi greindi frá því að þörf væri á lántöku upp á um kr. 100 milljónir vegna yfirtöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á allri sorphirðu á samlagssvæðinu. Lánið er jafngreiðslulán til 17 ára með föstum 2,85% vöxtum. Ágústi Inga var jafnframt falið að afla heimilda hjá aðildarsveitarfélögum.*

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr.

68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til fjárfestingar á bifreiðum og tækjum í tengslum við sorphirðu í Rangárvallasýslu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Nönnu Jónsdóttur kt. 040680-3069, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.

Ásahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða.

e) 141. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 28. september sl. liður 19. 20. og 21. þarfnast umfjöllunar

Liður 19. Hestheimar 165277: Nýtt heiti: Einhamar - 1709126

Lögð fram umsókn Eignarhaldsfélagsins Einhamars ehf. dags. 24. september 2017 um breytingu á heiti jarðarinnar Hestheimar (Inr. 165277) í Einhamar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við nýtt heiti í samræmi við fyrirliggjandi umsögn.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Liður 20. Herriðarhóll Inr. 165290: Herrulækur: Nýtt götuheiti innan deiliskipulags - 1709102

Lögð fram umsókn Ólafs Arnars Jónssonar og Renate Hannemann dags. 11. september 2017 þar sem óskað er eftir stofnun tveggja lóða úr landi Herriðarhóls í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þá er jafnframt óskað eftir því að lóðirnar fái heitið Herrulækur 1 og 3.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðirnar fái heitið Herrulækur en telur að númer þeirra þyrftu að vera í samræmi við reglugerð 577/2017 um skráningu staðfanga, þ.e. oddatölur vinstra megin við götu og sléttar tölur hægra megin.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Liður 21. Stækkun friðlands í Þjórsárverum: Ásahreppur: Umsagnarbeiðni - 1708027

Á fundi skipulagsnefndar 15. ágúst 2017 var tekið fyrir erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 3. júlí 2017 vegna tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Var afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa er falið að afla frekari gagna um málið. Með tölvupósti dags. 11. september 2017 til Umhverfisstofnunar var óskað eftir upplýsingum starfsemi nefndarinnar og í svari sem barst 27. september 2017 kemur fram að engar fundargerðir Þjórsárveranefndar eru vistaðar í málaskrá Umhverfisstofnunar sem nær aftur til ársbyrjunar 2003.

Skipulagsnefnd lýsir furðu sinni á því hversu lítið er til af upplýsingum um störf Þjórsárveranefndar.

Hreppsnefnd tekur undir bókun skipulagsnefndar.

f) 27. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 26. september sl.

Lagt fram til kynningar.

2. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni frá formanni hestamannafélagsins Geysis um styrk fyrir kr. 100.000 vegna peysukaupa æskulýðsnefndar Geysis.

Samþykkt, bókast á lið 06-89 íþróttafélög og samtök.

b) Beiðni frá hestamannafélaginu Geysi um að gerður verði þjónustusamningur við sveitarfélagið.

Hreppsnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir frekari upplýsingum og kynningarfundum.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

c) Beiðni frá Ljósínu endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra um auglýsingu í fréttablað félagsins sem kemur út einu sinni á ári.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 10.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

- d) Beiðni frá félagi sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu um styrk kr. 50.000 fyrir kaupum á verðlaunapeningum á Degi sauðkindarinnar.**

Samþykkt, bókast á lið 13-80 ýmsir styrkir og framlög.

- e) Beiðni um styrk kr. 20.000 til æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu vegna móts fermingarbarna í sýslunni.**

Samþykkt, bókast á lið 06-80 styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.

- f) Beiðni frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um tilnefningu á varamanni í svæðisráð fyrir rekstrarsvæði 4 í Vatnajökulsþjóðgarði.**

Samþykkt að tilnefna Nönnu Jónsdóttur.

3. Stækkun friðlands í Þjórsárverum, umsögn

Með bréfi dags. 3. júlí sl. óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir umsögn Ásahrepps um tillögu að stækkun friðlands í Þjórsárverum. Lagt var til að friðlýsingarskilmálar og mörk svæðisins yrðu þeir sömu og samþykktir voru á lokafundi samráðsnefndar viðkomandi sveitarfélaga og kynnt var í skilabréfi Umhverfisstofnunar til ráðherra dagsett 8. apríl 2013. Í bréfinu kom fram að breytingar hefðu verið gerðar á texta auglýsingar hvað varðar tilvísanir til laga auk þess sem lagt var til að nýtt ákvæði bætist við er fjallar um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í samræmi við ákvæði nýju náttúruverndarlaganna. Þriggja mánaða frestur frá dagsetningu bréfsins var gefinn til að gera athugasemdir við fyrirleggjandi friðlýsingarskilmála.

Þann 8. júní sl. óskar umhverfis- og auðlindaráðherra eftir fundi 20. júní, með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem eiga skipulagslega lögsögu á svæðinu. Engin fundargögn lágu fyrir og hafði einungis einn fulltrúi sveitarfélagsins tök á að fara á fundinn.

Á 47. fundi hreppsnefndar þann 12. júlí sl. var eftirfarandi bókun gerð:

Hreppsnefnd samþykkir að vísa erindinu til umsagnar hjá umhverfisnefnd Ásahrepps og skipulagsnefnd Uppsveita. Stefnt er að því að kalla eftir upplýsingafundi með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í haust hvað málið varðar.

Erindið var tekið fyrir á 138. fundi skipulagsnefndar þann 15. ágúst sl. Eftirfarandi bókun var gerð: *Lagt fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 3. júlí 2017 vegna tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Meðfylgjandi eru drög að auglýsingu um friðland í Þjórsárverum auk uppdrátta sem sýnir svæðið.*

Niðurstaða:

Afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa er falið að afla frekari gagna um málið.

Í framhaldi var eftirfarandi bókun gerð á 141. fundi skipulagsnefndar:

Á fundi skipulagsnefndar 15. ágúst 2017 var tekið fyrir erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 3. júlí 2017 vegna tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Var afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa er falið að afla frekari gagna um málið. Með tölvupósti dags. 11. september 2017 til Umhverfisstofnunar var óskað eftir upplýsingum um starfsemi nefndarinnar og í svari sem barst 27. september 2017 kemur fram að engar fundargerðir Þjórsárveranefndar eru vistaðar í málaskrá Umhverfisstofnunar sem nær aftur til ársbyrjunar 2003.

Niðurstaða:

Skipulagsnefnd lýsir furðu sinni á því hversu lítið er til af upplýsingum um störf Þjórsárveranefndar.

Umhverfisnefnd Ásahrepps óskaði eftir að fá að vera á kynningarfundinum með ráðuneytinu og funda svo með sveitarstjórn í kjölfarið.

Með tölvupósti dags. 8. september sl. óskaði sveitarstjóri Ásahrepps eftir upplýsingafundi með ráðherra um Þjórsárver. Sveitarstjóri fór á fund ráðherra og starfsmanna ráðuneytisins þann 2. október sl. Á fundinum lagði ráðuneytið ekki fram nein ný gögn sem varpað gætu ljósi á málið. Sveitarstjóri upplýsti ráðherra að sveitarfélagið yrði að sækja um frest til að skila inn umsögn þar sem næsti skipulagsfundur hreppsnefndar væri áætlaður 11. október og erfiðlega hefði gengið að fá gögn um málið og fundargerðir.

Með tölvupósti 3. október óskaði sveitarstjóri formlega eftir fresti til að skila inn umsögn um tillögu að stækkun friðlands í Þjósárverum til 11. október. Svar barst samdægurs þar sem ráðuneytið taldi að ekki væru forsendur fyrir því að veita frest.

Ásahreppur vekur athygli á því að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um starfsemi núverandi Þjósárvera. Þar af leiðandi er erfitt fyrir þá sem ekki komu að málinu árið 2013 að átta sig á samkomulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Enn vantar mikið upp á að núverandi Þjósárverum sé sýndur sá sómi sem þau eiga skilið. Lítið sem ekkert utanumhald er um Þjósárver í núverandi mynd og nokkuð ljóst að það fyrirkomulag sem ríkir er ekki að skila sér til svæðisins, hvort sem horft er til uppbyggingar, merkinga eða vörslu.

Jafnframt bendir sveitarfélagið á mögulega vankanta á málsmeðferð:

Í 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga er vísað til málsmeðferðar skv. 2. og 3. mgr. 36. gr. laganna: „Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan sé aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum og náttúrustofum til umsagnar sem og öðrum opinberum aðilum og hagsmunasamtökum eftir því sem ástæða þykir til. Einnig skal senda tillöguna þeim aðilum sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta vegna hennar. Skal umsagnarfrestur vera jafnlangur og getið er í auglýsingu um tillöguna. Eftir að kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir og skilar til ráðherra. Umhverfisstofnun skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillöguna grein fyrir umsögn sinni um þær.“

Í 2. mgr. 39. gr. segir um undirbúning friðlýsingar:

Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta skv. 42. gr. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrjú mánuðir. [Stofnunin skal í kjölfarið vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir hvort náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila.]

Í 4. mgr. 39. gr. segir um formkröfur til málsmeðferðar:

Ákvörðun um friðlýsingu skal tekin í formi auglýsingar sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auglýsing felur í sér stjórnvaldsákvörðun gagnvart landeigendum og öðrum réttihöfum þess landsvæðis sem friðlýsing tekur til. Skal gætt ákvæða stjórnsýslulaga við undirbúning og birtingu hennar gagnvart þessum aðilum.

Hreppsnefnd lítur svo á að þótt ákvörðun um friðlýsingu Þjósárvera sé byggð á náttúruverndaráætlun sem samþykkt var á Alþingi árið 2010 hefði það verið í betra samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að viðhafa málsmeðferð á grundvelli gildandi náttúruverndarlaga og gefa málinu þann tíma sem þarf til þess að ná sem bestri sátt um friðlýsinguna.

Hreppsnefnd ítrekar að ekki standi til að framkvæma eða raska umræddu svæði á nokkurn hátt enda er það ekki gert nema í samráði við landeigenda, sem er í þessu tilfelli ríkið. Þrátt fyrir að málsmeðferð hafi verið mein gölluð og erfitt að afla gagna og upplýsinga um málið þá er hreppsnefnd fylgjandi stækkun friðlandsins með fyrirvara um að staðið verði við það samkomulag sem lá fyrir árið 2013 varðandi fjármagn til uppbyggingar, merkinga, reksturs og vörslu svæðisins. Hreppsnefnd telur ekki heppilegt fyrir svo stórt verkefni að það sé keyrt í gegn af starfandi ráðherra án umboðs. Óvissa ríkir í stjórn málum og óvíst að verkefninu verði tryggt fjármagn á komandi fjárlögum sem er grundvöllur þess að hægt sé að sinna svæðinu sem skyldi og vernda gegn átroðning vegna stóraukinnar aðsóknar sem svæðið hlýtur við friðlýsingu.

Hreppsnefnd Ásahrepps harmar þau vinnubrögð sem við höfð eru bæði af hendi Umhverfisráðherra sem og Umhverfisstofnunnar og mun íhuga að leggja fram stjórnsýslukæru á hendur Umhverfisráðuneytinu.

Umsögn samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun undirbúningur

Stefnt að vinnufundi þar sem farið verður yfir fjárhagsáætlanir samstarfsverkefna.

5. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 8. nóvember nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

6. Alþingiskosningar 28. október nk., framlagning kjörskrár og ákvörðun um kjörstað.

Kjörgögn yfirfarin frá Þjóðskrá Íslands. Á kjörskrárstofni eru 144 kjósendur.

Kosning munu fara fram í Ásgarði þann 28. október nk.

Kjörskrá samþykkt og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kjördags.

Samþykkt að veita sveitarstjóra heimild til að taka til meðferðar athugasemdir er kunna að berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á og að undirrita hana að morgni kjördags.

Samþykkt samhljóða.

7. Sumarliðabær 2 Inr. 165307 og Sumarliðabær 2 lóð Inr. 217623: Aukið byggingarmagn og breytt nýting lóða, deiliskipulag

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 14. september 2017 þar sem fram koma athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Sumarliðabæjar 2 þar sem m.a. er bent á að byggingarreitur séu of nálægt þjóðvegi og þar með í ósamræmi við ákvæði gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð um fjarlægð mannvirkja frá vegum. Lagfærð gögn voru send Skipulagsstofnun með bréfi dags. 22. september 2017 þar sem m.a. kemur fram að ekki megi byggja ný íbúðarhús, eða stækka núverandi íbúðarhús þannig að þau fari nær vegi en nú er. Byggingarreitur fyrir útihús eru þó enn að hluta nær miðlínu vegar en 50 m en þó fjær vegi en útihús sem nú er búið að rífa. Með tölvupósti Skipulagsstofnunar dags. 2. október kemur fram að stofnunin telji enn að byggingarreitur sé of nálægt vegi miðað við ákvæði skipulagsreglugerðar þó svo að ekki sé um íbúðarhús að ræða. Í reglugerðinni kemur fram að þjónustubyggingar megi vera nær vegi en 50 m en að mati Skipulagsstofnunar eigi það ekki við um landbúnaðarbyggingar.

Í ljósi aðstæðna á bæjartorfunni og að um er að ræða veg með mjög lítilli umferð telur sveitarstjórn mjög íþyngjandi að þurfa að leita eftir undanþágu til ráðherra vegna byggingar útihúss í samræmi við fyrirliggjandi gögn, sérstaklega þar sem fyrirhuguð mannvirki verða fjær vegi en útihús sem nú er búið að fjarlægja. Sveitarstjórn samþykkir því deiliskipulagið að nýju með minniháttar breytingum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar og felur skipulagsfulltrúa að birta auglýsinguna um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Til kynningar:

- A. Þjóðskrá Íslands, breytingar á fasteingaskrá.
- B. Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ársskýrsla 2016.
- C. Ársfundur Jöfnunarsjóðs.
- D. Um skipulag bæja, skipulagsfræðifélag Íslands.
- E. Húsnæðisþing 16. okt. boð til sveitarfélaga.
- F. Haustfagnaður Loftmynda ehf. 13. október.
- G. ályktun um stöðu barna, frá samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla.
- H. Sambandið, "Á ég að gera það?" - Skólaþing sveitarfélaga 6. nóv. 2017.
- I. Fréttabréf um vinnuvernd.
- J. Landsbjörg, áhugaverðir fyrirlestrar um slysavarnir og öryggi ferðamanna 20-21 okt. nk.
- K. Sambandið, rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum sveitarfélaga árið 2016.
- L. Áskrift að efni á vef Skipulagsstofnunar.
- M. haustfundur Bergisans, haldinn 25. október nk. á Selfossi.
- N. 256-259 fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands.
- O. Sambandið, Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2017.
- P. Sambandið, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – umsóknarfrestur.
- Q. Tíðindi - rafrænt fréttabréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- R. Ráðning húsvarðar á Laugaland.
- S. Ráðstefna SÁÁ um fíkn.

Hreppsnefnd

- T. Fundargerð 181. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- U. Fundur um húsnæðismál á landsbyggðinni.
- V. Sambandið, Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi - frá leikskóla til háskóla.
- W. Sambandið, Leikskólabörnum og starfsfólki á leikskólum fækkar.
- X. Byggjum brýr - brjótum múra - Ráðstefna Jafnréttisstofu um heimilisofbeldi.
- Y. Hjálpartæki daglegs lífs – málþing málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál.
- Z. Kvarðinn, fréttabréf Landmælinga Íslands.
- AA. Húsnæðisþing 2017.
- BB. Sambandið, tíðindi af vettvangi sveitarstjórnarmála.
- CC. Ársskýrsla Persónuverndar 2016.
- DD. 523. fundur stjórnar SASS.
- EE. Ársfundur HSU.
- FF. Morgunverðarfundur ANR um áhættumat Hafró.
- GG. Minnisþing frá samráðsfundi Ásahrepps og Rangárbings ytra frá 17. maí sl.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:44

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)